



Stjórnarfundur 20. ágúst 2013, nr. 22

Fundurinn er haldinn á Vonarlandi á Egilsstöðum.

Mætt: Valdimar O. Hermannsson, Auður Ingólfssdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Sverrir Mar Albertsson, Þórunn Eymundardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir boðar seinkun á fundinn, mætir kl. 15.30, Stefán Bogi Sveinsson boðar forföll . Einnig Karl Sölvi Guðmundsson framkvæmdastjóri og fundarritari Bergþóra Arnórsdóttir.

Valdimar setur fund klukkan 15.10 og kynnir að fundurinn beri merki þess að enn séu sumarleyfi, Stefán Bogi boðar forföll með stuttum fyrirvara og nær ekki að fá varamann, Arnbjörg boðar seinkun á fundinn. Anna Dóra boðar fjarveru. Gögn voru ekki send tímalega fyrir fundinn sökum sumarleyfa.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar- og framkvæmdaráðs, staðfestar og undirritaðar.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra um stöður mála.
 - Starfsmannamál – umsóknir – ráðningar
 - Staða fjármála
 - Staða sóknaráætlunarverkefna
 - Staða húsnæðismála á Egilsstöðum
 - Staða annara mála, stutt yfirferð.
3. Aðalfundur SSA, 13. og 14. september
4. Merkingar og ímynd/kynning Austurbrúar
5. Næstu fundir og verkefni stjórnar
6. Önnur mál, erindi, bréf.

1. **Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs** - staðfestar og undirritaðar.



2. Skýrsla framkvæmdastjóra.

- a. **Starfsmannamál** - umsóknir og ráðningar. Margar umsóknir hafa borist um þau störf sem hafa verið auglýst undanfarna mánuði. Farið er yfir kynningu nýrra starfsmanna á heimasíðu Austurbrúar.

Anna Dóra sem situr í stjórn var einn af umsækjendum um starf fulltrúa fjármála- og stoðþjónustu og var ráðin. Formenn starfsháttanefndar og siðanefndar voru fengnir í valnefnd um starfið þar sem framkvæmdaráð var vanhæft. Tilmælum verður beint til starfsháttanefnar um að gerðar verða breytingar á verklagsreglum stjórnar þannig að með umsókn stjórnarmanns um starf verði þeir sjálfkrafa vanhæfir í stjórn óháð því hvor þeir fá starfið. Framkvæmdaráð tók starfsþróunarviðtal við framkvæmdastjóra, bókað í trúnaðarmálabók.

Framkvæmdastjórn gaf skýrslu um starfsþróunarviðtal – framkvæmdastjóri og fundarritari viku af fundi á meðan. Sérstök gjörð um þann hluta fundarins verður bókuð í trúnaðarbók af formanni. Auður Ingólfssdóttir tekur við stöðu Önnu Dóru í framkvæmdaráði.

- b. **Staða fjármála**- Anna Dóra, nýráðinn fjármálastjóri óskar eftir að senda stjórnarmönnum gögn um fjárhag í tölvupósti, gerir það næstkomandi föstudag eða mánudag. Rögnvaldur nefnir að það væri farsælla að bókhald og fjármál verði meira innan stofnunar en verið hefur. Breytingar verða skoðaðar þegar samningar við bókhaldsskrifstofu verða lausir.
- c. **Staða sóknaráætlunarverkefna** – Karl kynnir yfirlit yfir stöðu verkefna. Fjallar sérstaklega um drög að atvinnuráðstefnu sem verið er að vinna að.
- d. **Staða húsnæðismála á Egilsstöðum** - verið er að ljúka teikningum og undirbúa útboð. Sverrir spyr hvort Austurbrú hafi einhverja aðkomu á útboði. Rætt verður við formann Vísindagarðsins um það mál. Sverrir lagði áherslu á að við val á verk tökum væri gætt að því að viðkomandi hefðu ekki slóð vanskila og gjaldþrota að baki og nefndi nýleg dæmi af Austurlandi um slíkt.
- e. **Staða annarra mála** - stutt yfirferð. Karl var með kynningu á Austurbrú á Rótarý fundi þeirra í seinustu viku. Verkefnafundir hafa verið haldnir í vinnuhópi Þorpsins og niðurstöðu er að vænta í september. Valdimar og Karl hittu Vilhjálm á



Seyðisfirði vegna starfsmannamála á Seyðisfirði, annar fundur hefur verið boðaður næstkomandi mánudag um möguleg verkefni. Starfsmenn munu á næstunni sækja um styrki í ýmis verkefni, ástæða er til að hvetja stjórnarmenn til að vera vakandi yfir styrkjaumsóknum í málaflokkum Austurbrúar. Fulltrúafundur var fyrr í dag, starfsmannafundur verður 4.-5. september.

3. **Aðalfundur SSA verður 13. og 14. september** – fundurinn verður í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði. Fulltrúum Austurbrúar er boðið að sitja allan fund SSA og koma inn í starf vinnuhópa á þinginu. Þema fundarins verður um tækifæri Austurlands og framtíðarsýn. Fundurinn verður með nokkuð öðru sniði en fyrri fundir SSA og meiri áhersla á samstarf.
4. **Merkingar og ímynd/ kynning Austurbrúar** – Lagfæra þarf merkingar á starfsstöðvum Austurbrúar og gera þær sýnilegri. Starfsmenn þurfa að vera duglegir að kynna starfsemi málaflokkanna. Hópur starfsmanna hefur unnið að undirbúningi nýrrar heimasíðu, nokkur tilboð hafa borist í verkefnið. Málið verður kynnt fyrir stjórn síðar.
5. **Næsti fundir og verkefni stjórnar** – æskilegt að fundir stjórnar verði á 4-6 vikna fresti. Næsti fundur stjórnar er ákveðinn 17. september, þar verður áhersla á að ræða fjármál og verkefnastöðu. Fundurinn verður haldinn á Reyðarfirði. Fundir haustins 2013 eru áætlaðir 22. október og annar í lok nóvember/ byrjun desember t.d. 28. nóvember, á þeim fundi verður reynt að samræma starfsmannafund og stjórnarfund. Allir fundir verða klukkan 15.00. Framkvæmdaráð hittist á milli stjórnarfunda eftir því sem þarf.
6. **Önnur mál** – Auður lýsir áhyggjum af stöðu mála á markaðssviði, upplýsingar um þjónustu Austurbrúar þurfa að vera skýrar gagnvart ferðþjónustuaðilum.



Valdimar nefnir að þrýsta þarf á formann Vísindagarðsins að ganga frá málum varðandi húsnæði á Egilsstöðum svo mögulegt sé að halda áfram uppbyggingu starfseminnar.

Fundi slitið kl. 17.00

Valdimar O. Hermannsson

Arnbjörg Sveinsdóttir

Auður Ingólfssdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Sverrir Mar Albertsson

Þórunn Eymundardóttir